

Miðvikudaginn 29. október 1986.

Nr. 278/1986. **Ákærvaldið**

gegn

Jóhanni Kristni Þór Jónssyni

Kærumál. Kærufrestur. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. þ.m., er barst dóminum 23. s.m. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara að gæsluvarðhaldstíminn verði stytur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar, þó þannig að gæsluvarðhaldstími verði ákvarðaður allt til miðvikudagsins 3. desember 1986 kl. 17.00. Krafa ákærvalds um lengingu gæsluvarðhaldstíma kemur ekki til álita samkvæmt 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974, þar sem krafan kom eigi fram fyrr en 27. október sl., en ríkissaksóknari fékk vitneskju um hinn kærða úrskurð 23. s.m.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 22. október 1986.

Ár 1986, miðvikudaginn 22. október er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess að framlengt verði gæsluvarðhald yfir Jóhanni Kristni Þór Jónssyni allt til miðvikudagsins 3. desember nk., en kærði var

úrskurðaður í gæsluvarðhald með úrskurði sakadóms Reykjavíkur uppkveðnum 8. október sl. sem rennur út í dag kl. 17:00.

Málavextir.

Kærði, Jóhann Kristinn, hefur viðurkennt í skýrslu, er hann gaf hjá RLR þann 13. þ.m. og fyrir dómi í dag, að hafa 6. október sl. ráðist fyrirvara-laust á miðaldra konu í gamla kirkjugarðinum við Suðurgötu, þar sem hún var að sinna leiðum, og nauðgað henni.

Kærði sætir nú geðrannsókn en niðurstaða hennar liggur eigi fyrir.

Brot það sem kærði er grunaður um getur varðað fangelsisrefsingu skv. 1. mgr. 194. gr. laga nr. 74, 1974.

Rannsókn máls þessa er vel á veg komin en þó er frumrannsókn eigi lokið og meðal annars liggur niðurstaða úr geðrannsókn eigi fyrir. Með vísan til hins alvarlega sakarefnis og þess sem að framan er rakið þykir rétt að taka kröfu RLR til greina með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 og ákveða að kærði sæti gæsluvarðhaldi áfram, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 12. nóvember nk. kl. 17:00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Jóhann Kristinn Þór Jónsson, skal sæta gæsluvarðhaldi áfram, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 12. nóvember 1986 kl. 17:00.

Miðvikudaginn 29. október 1986.

Nr. 68/1985. **Ingimar Haukur Ingimarsson**

(Othar Örn Petersen hrl.)

gegn

G. Snorra Ingimarssyni

(Helgi V. Jónsson hrl.)

Sameign. Húsaleiga. Framleiguréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson.